

Nd.

550. Breytingartillögur

[171. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr.

- a. Fyrir orðin „tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr.“ i upphafi greinarinnar komi: þrjár nýjar greinar, sem verða 7., 8. og 9. gr.
- b. Aftan við gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
- c. (9. gr.) Nú er með breytingu á skipulagsskrá, sem gerð er samkvæmt heimild í lögum þessum, heimilað að selja fasteign, sem gefin hefur verið sjóði eða stofnun, er starfar í þágu almennings, og setja andvirði fasteignarinnar á vöxtu, og ber ríkissjóður þá ábyrgð á, að þessi höfuðstóll rýrni ekki að verðgildi, eftir að salan fer fram. Nú rýrnar höfuðstóllinn að verðgildi samkvæmt mati hagstofustjóra, og skal ríkissjóður þá bæta tjónið.